



NORDURLANDSSKÓGAR

Ársskýrsla  
2003

NORDURLANDSSKÓGAR



## **Efnisyfirlit**

<b>Samantekt.....</b>	<b>3</b>
<b>Tíðarfar og vöxtur .....</b>	<b>3</b>
<b>Stjórn og starfsmenn .....</b>	<b>3</b>
<b>Samningar .....</b>	<b>4</b>
<b>Námskeið og kynning .....</b>	<b>4</b>
<b>Áhöld og tæki .....</b>	<b>4</b>
<b>Plöntukaup .....</b>	<b>4</b>
<b>Fjármál .....</b>	<b>4</b>
<b>Framkvæmdir – heildaryfirlit .....</b>	<b>5</b>
<i>Skógrækt .....</i>	<i>5</i>
<i>Skjólbelti .....</i>	<i>8</i>
<b>Austur- og Vestur Húnavatnssýsla – Samantekt.....</b>	<b>11</b>
<b>Skagafjarðarsýsla – Samantekt.....</b>	<b>14</b>
<b>Eyjafjarðarsýsla – Samantekt .....</b>	<b>17</b>
<b>Þingeyjarsýslur – Samantekt.....</b>	<b>20</b>
<b>Fundargerðir Stjórnar Norðurlandsskóga.....</b>	<b>25</b>

## Samantekt

Norðurlandsskógaverkefnið hefur nú starfað í rúmlega þrjú ár. Á þeim tíma hafa verið gróðursettar rúmlega 2,5 miljónir plantna á vegum verkefnisins á Norðurlandi. Árið 2003 voru gróðursettar um 1,1 miljón plantna á 85 jörðum. Hver skógarbóndi gróðursetti að meðaltali rúmlega 12.000 plöntur eða í um 5 hektara lands. Þetta þýðir að grundvöllur var lagður að um 420 ha. skógi á Norðurlandi í ár.

47 bændur gróðursettu samtals um 46 kílómetra af skjólbeltum á vegum verkefnisins. Miklar framkvæmdir voru á árinu enda fjárveitingar meiri en áður hefur verið eða um 90 miljónir. Hægt var að vinna verkþætti sem fresta hefur þurft undanfarin ár sökum fjárskorts. Þannig var talsvert lagt af slóðum um skógræktarsvæði, jarðunnið og einnig unnu skógarbændur að tvítoppaklippingum og snyrtingu. Unnið var að grisjun í Skagafirði og Húnavatnssýslum í samvinnu við Skógrækt ríkisins á Vöglum. Johan Holst starfsmaður Norðurlandsskóga stjórnaði grisjunarvinnunni ásamt Teiti Davíðssyni frá Skógrækt ríkisins á Vöglum. Þrír skógarbændur tóku þátt í grisjunarvinnunni og fengu þannig þjálfun í þessum verkþætti sem kemur til með að vaxa ört innan Norðurlandsskóga á næstu árum. Gerðir voru skógræktarsamningar á 24 jörðum á árinu þannig að í lok árs eru þinglýstir skógræktarsamningar á 104 jörðum, alls 5.373 hektarar.

## Tíðarfar og vöxtur

Veturinn var nánast snjólaus á starfssvæði Norðurlandsskóga. Vorið kom snemma og gróðursetningar hófust um miðjan apríl sem er óvenju snemmt á Norðurlandi. Í byrjun maí voru ýmsar trjátegundir svo sem ösp og lerki, komnar vel á veg í laufgun en þá kólnaði og fraus um allt land. Afleiðing þessa urðu nokkrar skemmdir á lerki, ösp og greni. Birkið lét ekki blekkjast af þessari ótímabæru vorkomu og hlaut ekki skaða af.

Ekki er fyllilega ljóst hversu varanlegt tjónið verður á þeim trjátegunum sem lengst voru komnar þegar fraus en ljóst er að talsvert er um að lerki hefur misst toppa og verður því mikil þörf fyrir tvítoppaklippingu á næsta ári. Grenið og öspin virðist hafa náð sér nokkuð vel í flestum tilfellum, þó var nokkuð um að ungar greniplöntur gæfu upp öndina í þessum hitasveiflum. Önnur afleiðing hins hlýja vetrar var sú að sitkalúsinn náði sér vel á strik og gerði nokkurn usla á Norðurlandi sem og annarsstaðar á landinu. Líkur eru þó á að næsta sumar verði minna lúsaár þar sem talsvert frost hefur verið í lok ársins og það slær verulega á viðgang lúsarinnar.

## Stjórn og starfsmenn

Stjórn Norðurlandsskóga skipa sem fyrr þeir Stefán Guðmundsson f.h. landbúnaðarráðherra, Davíð Guðmundsson f.h. Félags skógarbænda á Norðurlandi, Sigurður Skúlason f.h. Skógræktar ríkisins og Þorvaldur Böðvarsson f.h. Skógræktarféлага á Norðurlandi.

Breytingar urðu á starfslíði Norðurlandsskóga á árinu þar sem Sigrún Sigurjónsdóttir sem verið hefur framkvæmdastjóri verkefnisins frá upphafi en var í árs leyfi frá miðju ári 2002 sagði upp starfi sínu í byrjun júní. Staðan var auglýst og fjórar umsóknir bárust. Valgerður Jónsdóttir sem verið hefur svæðisstjóri í Eyjafirði og leyst Sigrúnu af í leyfinu var ráðin í stöðuna. Í framhaldi af þessum breytingum var auglýst eftir svæðisstjóra í Eyjafirði og hluta S – Þingeyjarsýslu sem jafnframt yrði staðgengill framkvæmdastjóra. Fjórar umsóknir bárust og í stöðuna var ráðinn Brynjar Skúlason skógfræðingur sem verið hefur ráðunautur Skógræktar ríkisins á Norðurlandi undanfarin ár. Brynjar hefur störf hjá Norðurlandsskógum í byrjun árs 2004.

Aðrir starfsmenn eru þeir sömu og áður. Guðríður Baldvinsdóttir skógfræðingur er svæðisstjóri í Þingeyjarsýslum, Johan W. Holst skógfræðingur er svæðisstjóri í Skagafirði

og Húnavatnssýslum, sumarstarfsmaður í Húnavatnssýslum var Ólöf Sigurbjartsdóttir garðyrkjufraeðingur.

## **Samningar**

Í lok árs var boðin út ræktun á rúmlega 1,2 miljónum plantna. Niðurstöður útboðs lágu ekki fyrir í árslok en 8 aðilar tóku þátt í útboðinu. Framlengdur var ræktunarsamningur frá 2001 við Barra hf.

## **Námskeið og kynning**

Námskeiðaröðin Grænni skógar á Norðurlandi hélt áfram á árinu og voru haldin þrjú helgarnámskeið. Auk þess var farin kynnis- og námsferð til Svíþjóðar í samfloti með hópi skógarbænda sem stunda sambærilegt nám á Suðurlandi. Skemmst er frá því að segja að ferðin tókst einkar vel og var bæði fræðandi og skemmtileg. Háskólinn í Dölunum í Garpenberg var aðalverustaður hópsins þar sem sænskir sérfræðingar héldu fyrirlestra fyrir hádegi en eftir hádegi voru farnar kynnisferðir þar sem skoðað var allt frá plöntuuppeldi til grisjunar.

Einnig voru haldin grunnnámskeið í skjólbeltarækt, á Húsavík, Blönduósi og Gauksmýri. Grunnnámskeið í skógrækt var einnig haldið á Húsavík. Alls sóttu þessi námskeið um 60 manns.

Starfsmenn Norðurlandsskóga héldu kynningar og fræðslufyrirlestra við ýmis tilfelli á árinu og sóttu fundi og ráðstefnur.

## **Áhöld og tæki**

Keyptir voru gróðursetningastafir og plöntubelti sem afhentir voru þeim skógarbændum sem ekki höfðu fengið slík áhöld áður.

## **Plöntukaup**

Á þessu ári voru keyptar um 80.000 plöntur af Garðyrkjustöðinni á Grísará, um 570.000 af Gróðrarstöðinni Barra, um 430.000 af Gróðrarstöðinni í Kjarna og um 16.000 frá Skógræktinni á Vöglum.

## **Fjármál**

Talsverð aukning varð á fjárveitingu til verkefnisins á þessu ári sem kom sér afar vel þar sem beitt hafði verið miklum aðhaldsaðgerðum á síðasta ári og nauðsynlegum framkvæmdum frestað. Á lokadögum alþingis síðast liðið vor var síðan langþráðu takmarki náð þegar þingsályktunartillaga um fjárframlög til næstu 5 ára var samþykkt frá alþingi. Þessu hafa landshlutabundnu skógræktarverkefnin barist fyrir lengi þar sem illmögulegt er að skipuleggja starfið þegar óvissa er um fjárframlög. Nauðsynlegt er að gera plöntukaupasamninga og aðrar áætlanir nokkur ár fram í tímann og því öryggi í fjárframlögum grundvöllur þess að faglega sé hægt að vinna að framgangi verkefnanna. Þessi sæla var þó skamvinn því ríkisstjórnin stóð ekki við gefin loforð og framlag ársins 2004 verður ekki í samræmi við þingsályktunartillöguna sem sama ríkisstjórn hafði nýlega samþykkt. Þetta eru mikil vonbrigði og óvissuástand varðandi fjárframlög virðist ekki úr sögunni.

## Framkvæmdir – heildaryfirlit

### Skógrækt


Alls var gróðursett á 85 jörðum á vegum Norðurlandsskóga.

### Heildargróðursetning


jörð	Annað	Birki	Fura	Greni	Lerki	Reynir	Víðir	Ösp	Samtals
Árgerði	0	720	80	1520	1720	70	280	1015	5405
Ártún	0	840	240	1352	6440	35		700	9607
Ásláksstaðir				5040					5040
Ásláksstaðir ehf.		2312		2960					5272
Bakki		1000	5520	2000	4020				12540
Barkarstaðir		1000	1000		1600		35		3635
Bessastaðir	0	1573		214	1252		2162	20	5221
Brekka	0	3280	1200	560	7480	35			12555
Brekka 1	35	1000	120	2015				1015	4185
Brekkulækur	0	1000	480	2000	1520		140	1015	6155
Brennigerði	0	7920	6008	4720	20010	35		960	39653
Brimnes			80	1040		35			1155
Brúnastaðir	0	1000			6000				7000
Dalsmynni	0	3560	2216	6400	2520	35	140	30x10	17881
Draflastaðir	0	3080	4080	6325	4000			280	17765
Dæli	0	1500	1040	40	3000		2000		7580
Engidalur	0	5480							5480
Engihlíð		1000	520	3000				1995	6515
Espihóll	714		320	2990		210	105		4339
Fellshlíð	0	2280	880		4280	35			7475
Flaga	0				5015				5015
Flugumýrarhvamur	0	1040	1000		1000				3040
Fosshóll	0	1480		4000					5480
Garðakot				2000				3010	5010
Garður 1	0	7000		1760	15200	105			24065
Gauksmýri		1000	200				175		1375
Gautland		3015			7035				10050
Gautlönd	0	5480					1050		6530
Gilhagi 2	0	920	800		3080	35			4835
Glæsibær	70	3320	1000	16640	6080	105		2520	29735
Hallgilsstaðir		1000	1000		3000				5000
Hamar	70	9008	9000	19000	65065	35		1995	104173
Hesjuvellir					2000				2000
Hjaltastaðir	0	480	200	2880	1600	70		2870	8100
Hof	70	2000	1640	7000	8000	140	35		18885
Hólsgærði	504	2000	5000	14000	15000				36504
Hrafnsstaðir		320	168	160	800	35			1483
Hróarsstaðir			3560		7080				10640
Hvamur					3400				3400

jörð	Annað	Birki	Fura	Greni	Lerki	Reynir	Víðir	Ösp	Samtals
Jódísarstaðir	70	640		3000				2485	6195
Kagaðarhóll	0	3010	1125	2000	4010	35			10180
Kárhóll	0	2160	2520	2160	19640	105		1365	27950
Knútsstaðir	0	1480			480				1960
Krithóll 2	0	3680	3312	8200	9983		105	6250	31530
Kroppur	0	6720	9840	2520	12495		525	1015	33115
Kúskerpi	35	800		2000					2835
Kýrholt	0	5480	1435	8040	8000		210		23165
Landamót	0	960		880	9960	70			11870
Leifsstaðir	0	1440	3120	120	6600	70			11350
Litla-Búrfell	0	6768	2085		4010	175	105	490	13633
Litlaströnd	0	1960			10720	35	175	1155	14045
Lón 2	192	3540	1576		7800	70			13178
Lundarbrekka 2	0				1000				1000
Marbæli	0	1984		8200	7000		805	3872	21861
Meðalheimur		880	2640		5280				8800
Melar				3000				1995	4995
Melar/Hjarðarholt	0	6920	680		11520				19120
Merkigarður	35	2000	560	5000	3000		210	1995	12800
Mælifellsá	0	3512		1000	1005	35			5552
Narfastaðir	35	1040	3840	6960	4040	70		3990	19975
Nautabú		1520	1120	4080	2010	105	140		8975
Neðri-Ás 1	0	1000	2010		21015				24025
Nes	0	1000	840		2211				4051
Núpar/Kjölnur	0	1360			720	35			2115
Núpdalstunga		1000		1000					2000
Ófeigsstaðir	0	2160	840	120	1600			210	4930
Páfastaðir	0	1000	3015	9000	13400		210	2986	29611
Pálmholt			5032	3400	2720				11152
Reykhús 1	0		480	1000	1000				2480
Sandfellshagi 2	0	320		1200	5120	35	875		7550
Saurbær	0	2424	3080	3600	5010			3010	17124
Silfrastaðir	574	8440	18785	21540	47117		105	2001	98562
Skjaldarstaðir	0			880	8757				9637
Snartarstaðir 2	0	1920		2040	12480	70			16510
Stekkjjarflatar	0	4008			3000	35			7043
Stóra-Búrfell		520		2000					2520
Syðra-Hvarf	0	520	480	560	1080				2640
Syðra-Laugaland	0	1800		3000	1005		385	3150	9340
Tungunes	0				5000				5000
Valbjófsstaðir 1		680			13200	35			1
Víðifell					1500				1500
Víðivellir	0				3000				3000
Ytri-Vík	0	1320	920		5335				7575
Ærlækur	0	680		1720	5640	70			8110
Öngulstaðir 2	0				1407				1407
<b>Samtals</b>	<b>2404</b>	<b>163254</b>	<b>116687</b>	<b>217836</b>	<b>497067</b>	<b>2065</b>	<b>9972</b>	<b>56374</b>	<b>1073136</b>


### Fjöldi jarða sem gróðursett var á – skipting eftir sýslum




### Hlutfallsskipting milli tegunda Skógrækt og skjólbelti



### Skógrækt og skjólbelti Skipting plantna eftir sýslum



**Skógrækt og skjólbelti  
Skipting milli tegunda**



**Skjólbelti**


Skjólbelti voru ræktuð á 47 jörðum á vegum Norðurlandsskóga.

Jörð	Annað	Ber	Birki	Greni	Lerki	Reynir	Víðir	Ösp	Samtals
Árdalur	0	0	74		20	31	475	0	582
Ártún				123			710	123	956
Ásgarður	35		80			35	500	35	765
Ásláksstaðir ehf.		70	10			5	85	35	205
Bessastaðir								77	77
Björg				10		18	46	4	78
Dalsmynni			300			105	1105		1510
Engihlíð							200		200
Espihóll							55		55
Garður			70				25	33	128
Gauksmýri			150	125	250		1606	125	2256
Gerði		46	27	50		12	962	75	1172
Glæsibær.			280	40		70	1190	70	1650
Hallgilsstaðir		60		75		30	660	70	895
Hjalli	41					40	352	55	488
Hjaltastaðir							482	80	562
Hléskógar							300	100	400
Hof				35			35		70
Holtssel							400		400
Hólsgarði				240		180	870	110	1400
Kálfsárkot			40	35	40			35	150
Klifshagi 2		16		32		16	292	32	388
Kýrholt							600	1015	1615
Laufás							767	33	800
Laxamýri 2		19		40		19	360	40	478
Litla-Brekka		88	50	44		88	874	44	1188
Litla-Gröf			35				963	35	1033
Litlu-Reykir	10		51	51			696	99	907
Lón 2			16	32			276		324
Miðhóp			10		185		25		220
Narfastaðir	112			99			907	173	1291




Jörð	Annað	Ber	Birki	Greni	Lerki	Reynir	Víðir	Ösp	Samtals
Rauðaskriða 1	101			168		114	2272	114	2769
Reykir 2							775	340	1115
Sandfellshagi 2							298		298
Sigtún			15				513	30	558
Silfrastaðir	35		240			175	1120		1570
Sólbakki			138		185		464		787
Straumnes	36			75		36	648	99	894
Tréstaðir			70		13			43	126
Vaglir			215				1289	215	1719
Víðigerði							280		280
Ytri-Bægisá 2							1055	62	1117
Þverá			90		16		856		962
Þverá 2	55		110	110			2575	110	2960
Öngulsstaðir 3	0	12	100	75		16	1222	75	1500
<b>Samtals</b>	<b>425</b>	<b>311</b>	<b>2251</b>	<b>1459</b>	<b>709</b>	<b>990</b>	<b>36678</b>	<b>3586</b>	<b>38956</b>

### Skipting skjólbeltaplantna eftir tegundum



### Fjöldi skjólbeltaplantna - skipting á milli sýslna



## Austur- og Vestur Húnavatnssýsla – Samantekt

Gróðursett var á sjö jörðum í hvorri sýslu vegna skógræktar um 180.000 plöntur í A-Hún. og rúmlega 30.000 í V-Hún. Haldin voru skjólbeltanámskeið í báðum sýslum í vor en áriðandi er að efla skjólbeltarækt á svæðinu.

### Skógrækt

#### Vorgróðursetning

Jörð	Annað	Birki	Fura	Greni	Lerki	Reynir	Víðir	Ösp	Samtals
Bakki		1000	5520	2000	4020				12540
Hamar	70	3000		19000	20040			1995	44105
Hof	70	1000	80	7000		105	35		8290
Kagaðarhóll		3010		2000	2010				7020
Litla-Búrfell		2520	680		2010	140	105	490	5945
Saurbær		1000		1000	2010			3010	7020
Stóra-Búrfell		520		2000					2520
<b>Samtals</b>	<b>140</b>	<b>12050</b>	<b>6280</b>	<b>33000</b>	<b>30090</b>	<b>245</b>	<b>140</b>	<b>5495</b>	<b>87440</b>
<b>Meðaltal á jörð</b>	<b>70</b>	<b>1721</b>	<b>2093</b>	<b>5500</b>	<b>6018</b>	<b>123</b>	<b>70</b>	<b>1832</b>	<b>12491</b>


#### Haustgróðursetning

Jörð	Birki	Fura	Greni	Lerki	Reynir	Samtals
Hamar	6008	9000		45025	35	60068
Hof	1000	1560		8000	35	10595
Kagaðarhóll		1125		2000	35	3160
Litla-Búrfell	4248	1405		2000	35	7688
Saurbær	1424	3080	2600	3000		10104
<b>Samtals</b>	<b>12680</b>	<b>16170</b>	<b>2600</b>	<b>60025</b>	<b>140</b>	<b>91615</b>
<b>Meðaltal á jörð</b>	<b>3170</b>	<b>3234</b>	<b>2600</b>	<b>12005</b>	<b>35</b>	<b>18323</b>

#### Heildargróðursetning

Jörð	Annað	Birki	Fura	Greni	Lerki	Reynir	Víðir	Ösp	Samtals
Bakki		1000	5520	2000	4020				12540
Hamar	70	9008	9000	19000	65065	35		1995	104173
Hof	70	2000	1640	7000	8000	140	35		18885
Kagaðarhóll	0	3010	1125	2000	4010	35			10180
Litla-Búrfell	0	6768	2085		4010	175	105	490	13633
Saurbær	0	2424	3080	3600	5010			3010	17124
Stóra-Búrfell		520		2000					2520
<b>Samtals</b>	<b>140</b>	<b>24730</b>	<b>22450</b>	<b>35600</b>	<b>90115</b>	<b>385</b>	<b>140</b>	<b>5495</b>	<b>179055</b>
<b>Meðaltal á jörð</b>	<b>28</b>	<b>3533</b>	<b>3742</b>	<b>5933</b>	<b>15019</b>	<b>96</b>	<b>70</b>	<b>1832</b>	<b>25579</b>

## Skipting milli tegunda – skógrækt og skjólbelti



### Vestur Húnavatnssýsla

#### Vorgróðursetning

Jörð	Birki	Fura	Greni	Lerki	Víðir	Ösp	Samtals
Barkarstaðir	1000	1000		1600	35		3635
Bessastaðir	573		214	252	2162	20	3221
Brekkulækur	1000		2000		140	1015	4155
Dæli	500	40	40		2000		2580
Fosshóll			4000				4000
Gauksmýri	1000	200			175		1375
Núpdalstunga	1000		1000				2000
<b>Samtals</b>	<b>5073</b>	<b>1240</b>	<b>7254</b>	<b>1852</b>	<b>4512</b>	<b>1035</b>	<b>20966</b>
<b>Meðaltal á jörð</b>	<b>846</b>	<b>413</b>	<b>1451</b>	<b>926</b>	<b>902</b>	<b>518</b>	<b>2995</b>


#### Haustgróðursetning

Jörð	Birki	Fura	Lerki	Samtals
Bessastaðir	1000		1000	2000
Brekkulækur		480	1520	2000
Dæli	1000	1000	3000	5000
Fosshóll	1480			1480
<b>Samtals</b>	<b>3480</b>	<b>1480</b>	<b>5520</b>	<b>10480</b>
<b>Meðaltal á jörð</b>	<b>1160</b>	<b>740</b>	<b>1840</b>	<b>2620</b>

#### Heildargróðursetning

Jörð	Birki	Fura	Greni	Lerki	Víðir	Ösp	Samtals
Barkarstaðir	1000	1000		1600	35		3635
Bessastaðir	1573		214	1252	2162	20	5221
Brekkulækur	1000	480	2000	1520	140	1015	6155
Dæli	1500	1040	40	3000	2000		7580
Fosshóll	1480		4000				5480
Gauksmýri	1000	200			175		1375
Núpdalstunga	1000		1000				2000
<b>Samtals</b>	<b>8553</b>	<b>2720</b>	<b>7254</b>	<b>7372</b>	<b>4512</b>	<b>1035</b>	<b>31446</b>
<b>Meðaltal á jörð</b>	<b>1222</b>	<b>680</b>	<b>1451</b>	<b>1843</b>	<b>902</b>	<b>518</b>	<b>4492</b>

## Skipting milli tegunda – skógrækt og skjólbelti



### Skjólbeltarækt

#### Austur-Húnavatnssýsla

Jörð	Greni	Víðir	Samtals
Hof	35	35	70
<b>Samtals</b>	<b>35</b>	<b>35</b>	<b>70</b>
<b>Meðaltal á jörð</b>	<b>35</b>	<b>35</b>	<b>70</b>

#### Vestur – Húnavatnssýsla

Jörð	Birki	Greni	Lerki	Víðir	Ösp	Samtals
Bessastaðir					77	77
Gauksmýri	150	125	250	1606	125	2256
Miðhóp	10		185	25		220
Sólbakki	138		185	464		787
<b>Samtals</b>	<b>298</b>	<b>125</b>	<b>620</b>	<b>2095</b>	<b>202</b>	<b>3340</b>
<b>Meðaltal á jörð</b>	<b>99</b>	<b>125</b>	<b>207</b>	<b>698</b>	<b>101</b>	<b>835</b>

## Skagafjarðarsýsla – Samantekt

### Skógrækt

Gróðursett var á 22 jörðum um 360.000 plöntur og er það talsverð aukning frá árinu áður. Meira var um haustgróðursetningu en undanfarin ár. Framkvæmdir gengu vel.

### Vorgróðursetning

Jörð	Annað	Birki	Fura	Greni	Lerki	Reynir	Víðir	Ösp	Samtals
Árgerði			80	1520		70	280	1015	2965
Brekka 1	35	1000	120	2015				1015	4185
Brennigerði		3000		4720	2010			960	10690
Brimnes			80	1040		35			1155
Dalsmynni		2920	1216	6400	520		140	3010	14206
Engihlíð		1000	520	3000				1995	6515
Garðakot				2000				3010	5010
Gautland		3015			7035				10050
Krithóll 2		1160	312	8200				6250	15922
Kúskerpi	35	800		2000					2835
Kýrholt				8040			210		8250
Marbæli				8200			805	3872	12877
Melar				3000				1995	4995
Merkigarður	35	2000		5000			105	1995	9135
Mælifellsá		1000		1000	1005				3005
Nautabú		1520	1120	4080	2010	105	140		8975
Neðri-Ás 1		1000			3015				4015
Páfastaðir		520		8000			210	2986	11716
Silfrastaðir	574	2320	5600	19540	67		105	2001	30207
<b>Samtals</b>	<b>679</b>	<b>21255</b>	<b>9048</b>	<b>87755</b>	<b>15662</b>	<b>210</b>	<b>1995</b>	<b>30104</b>	<b>166708</b>
<b>Meðaltal á jörð</b>	<b>170</b>	<b>1635</b>	<b>1131</b>	<b>5162</b>	<b>2237</b>	<b>70</b>	<b>249</b>	<b>2509</b>	<b>8774</b>

### Haustgróðursetning


Jörð	Birki	Fura	Greni	Lerki	Reynir	Víðir	Samtals
Árgerði	720			1720			2440
Brennigerði	4920	6008		18000	35		28963
Brúnastaðir	1000			6000			7000
Dalsmynni	640	1000		2000	35		3675
Flugumýrarhvammur	1040	1000		1000			3040
Krithóll 2	2520	3000		9983		105	15608
Kýrholt	5480	1435		8000			14915
Marbæli	1984			7000			8984
Merkigarður		560		3000		105	3665
Mælifellsá	2512				35		2547

Jörð	Birki	Fura	Greni	Lerki	Reynir	Víðir	Samtals
Neðri-Ás 1		2010		18000			20010
Páfastaðir	480	3015	1000	13400			17895
Silfrastaðir	6120	13185	2000	47050			68355
Stekkjjarflatar	4008			3000	35		7043
<b>Samtals</b>	<b>31424</b>	<b>31213</b>	<b>3000</b>	<b>130153</b>	<b>140</b>	<b>210</b>	<b>196140</b>
<b>Meðaltal á jörð</b>	<b>2857</b>	<b>3468</b>	<b>1500</b>	<b>11832</b>	<b>47</b>	<b>105</b>	<b>15088</b>

### Heildargróðursetning

Jörð	Annað	Birki	Fura	Greni	Lerki	Reynir	Víðir	Ösp	Samtals
Árgerði	0	720	80	1520	1720	70	280	1015	5405
Brekka 1	35	1000	120	2015				1015	4185
Brennigerði	0	7920	6008	4720	20010	35		960	39653
Brimnes			80	1040		35			1155
Brúnastaðir	0	1000			6000				7000
Dalsmynni	0	3560	2216	6400	2520	35	140	3010	17881
Engihlíð		1000	520	3000				1995	6515
Flugumýrarhvamur	0	1040	1000		1000				3040
Garðakot				2000				3010	5010
Gautland		3015			7035				10050
Krithóll 2	0	3680	3312	8200	9983		105	6250	31530
Kúskerpi	35	800		2000					2835
Kýrholt	0	5480	1435	8040	8000		210		23165
Marbæli	0	1984		8200	7000		805	3872	21861
Melar				3000				1995	4995
Merkigarður	35	2000	560	5000	3000		210	1995	12800
Mælifellsá	0	3512		1000	1005	35			5552
Nautabú		1520	1120	4080	2010	105	140		8975
Neðri-Ás 1	0	1000	2010		21015				24025
Páfastaðir	0	1000	3015	9000	13400		210	2986	29611
Silfrastaðir	574	8440	18785	21540	47117		105	2001	98562
Stekkjjarflatar	0	4008			3000	35			7043
<b>Samtals</b>	<b>679</b>	<b>52679</b>	<b>40261</b>	<b>90755</b>	<b>145815</b>	<b>350</b>	<b>2205</b>	<b>30104</b>	<b>362848</b>
<b>Meðaltal á jörð</b>	<b>45</b>	<b>2927</b>	<b>2876</b>	<b>5339</b>	<b>10415</b>	<b>58</b>	<b>245</b>	<b>2509</b>	<b>17278</b>

## Skipting milli tegunda – skógrækt og skjólbelti



### Skjólbeltarækt

Skjólbelti voru ræktuð á 7 jörðum. Vöxtur var gríðarlegur í beltunum í sumari og beltum frá því í fyrra orðin vel stæðileg. Áhugi á skjólbeltarækt í Skagafirði fer vaxandi.

### Skjólbelti

Jörð	Annað	Birki	Greni	Reynir	Víðir	Ösp	Samtals
Ásgarður	35	160		35	500	35	765
Dalsmynni		300		105	1105		1510
Engihlíð					200		200
Glæsibær.		280	40	70	1190	70	1650
Kýrholt					600	1015	1615
Litla-Gröf		35			543	35	613
Silfrastaðir	35	240		175	1120		1570
<b>Samtals</b>	<b>70</b>	<b>1015</b>	<b>40</b>	<b>385</b>	<b>5258</b>	<b>1155</b>	<b>7923</b>
<b>Meðaltal á jörð</b>	<b>35</b>	<b>203</b>	<b>40</b>	<b>96</b>	<b>751</b>	<b>289</b>	<b>1132</b>



## Eyjafjarðarsýsla – Samantekt

Alls eru 23 jarðir í Eyjafirði þátttakendur í Norðurlandsskógaverkefninu.

### Skógrækt

Gróðursett var á 13 jörðum og gengu framkvæmdir vel. Kortlagðar voru 2 jarðir í sumari sem hefja gróðursetningu næsta vor. Jarðunnið var á Glæsibæ, Hólsgerði, Syðra-Laugalandi og Ásláksstöðum í Arnarneshreppi.

### Vorgróðursetning

Jörð	Annað	Birki	Fura	Greni	Lerki	Reynir	Víðir	Ösp	Samtals
Ásláksstaðir				5040					5040
Ásláksstaðir ehf.		2312		2960					5272
Espihóll	714		320	2990		210	105		4339
Flaga					2000				2000
Glæsibær	70	320	1000	16640	6080	105		2520	26735
Hesjuvellir					2000				2000
Hólsgerði	504			14000					14504
Kroppur		1600	7840		3400				12840
Skjaldarstaðir				880	4360				5240
Syðra-Hvarf				560					560
Syðra-Laugaland				3000				2725	5725
Ytri-Vík		520	520		1520				2560
<b>Samtals</b>	<b>1288</b>	<b>4752</b>	<b>9680</b>	<b>46070</b>	<b>22760</b>	<b>315</b>	<b>105</b>	<b>5245</b>	<b>90215</b>
<b>Meðaltal á jörð</b>	<b>429</b>	<b>1188</b>	<b>2420</b>	<b>5759</b>	<b>3251</b>	<b>158</b>	<b>105</b>	<b>2623</b>	<b>6940</b>


### Hautgróðursetning

Jörð	Birki	Fura	Greni	Lerki	Víðir	Ösp	Samtals
Flaga				3015			3015
Glæsibær	3000						3000
Hólsgerði	2000	5000		15000			22000
Kroppur	5120	2000	2520	9095	525	1015	20275
Reykhús 1		480	1000	1000			2480
Skjaldarstaðir				4397			4397
Syðra-Hvarf	520	480		1080			2080
Syðra-Laugaland	1800			1005	385	425	3615
Ytri-Vík	800	400		3815			5015
Öngulstaðir 2				1407			1407
<b>Samtals</b>	<b>13240</b>	<b>8360</b>	<b>3520</b>	<b>39814</b>	<b>910</b>	<b>1440</b>	<b>67284</b>
<b>Meðaltal á jörð</b>	<b>2207</b>	<b>1672</b>	<b>1760</b>	<b>4424</b>	<b>455</b>	<b>720</b>	<b>6728</b>

## Heildargróðursetning

Jörð	Annað	Birki	Fura	Greni	Lerki	Reynir	Víðir	Ösp	Samtals
Ásláksstaðir				5040					5040
Ásláksstaðir ehf.		2312		2960					5272
Espihóll	714		320	2990		210	105		4339
Flaga	0				5015				5015
Glæsibær	70	3320	1000	16640	6080	105		2520	29735
Hesjuvellir					2000				2000
Hólsgerði	504	2000	5000	14000	15000				36504
Kroppur	0	6720	9840	2520	12495		525	1015	33115
Reykhús 1	0		480	1000	1000				2480
Skjaldarstaðir	0			880	8757				9637
Syðra-Hvarf	0	520	480	560	1080				2640
Syðra-Laugaland	0	1800		3000	1005		385	3150	9340
Ytri-Vík	0	1320	920		5335				7575
Öngulstaðir 2	0				1407				1407
<b>Samtals</b>	<b>1288</b>	<b>17992</b>	<b>18040</b>	<b>49590</b>	<b>62574</b>	<b>315</b>	<b>1015</b>	<b>6685</b>	<b>157499</b>
<b>Meðaltal á jörð</b>	<b>117</b>	<b>2570</b>	<b>2577</b>	<b>4959</b>	<b>5215</b>	<b>158</b>	<b>338</b>	<b>2228</b>	<b>10500</b>

## Skipting milli tegunda



## Skjólbeltarækt

Á þessu ári voru ræktuð skjólbelti á 14 jörðum á vegum Norðurlandsskóga.

Jörð	Annað	Ber	Birki	Greni	Lerki	Reynir	Víðir	Ösp	Samtals
Ásláksstaðir ehf.		70	10			5	85	35	205
Espihóll							55		55
Gerði		46	27	50		12	962	75	1172
Holtssel							400		400
Hólsgærði				240		180	870	110	1400
Kálfsárkot			40	35	40			35	150
Litla-Brekka		88	50	44		88	874	44	1188
Sigtún			15				513	30	558
Tréstaðir			70		13			43	126
Vaglir			215				1289	215	1719
Víðigerði							280		280
Ytri-Bægisá 2							1055	62	1117
Þverá 2	55		110	110			2575	110	2960
Öngulsstaðir 3		12	100	75		16	1222	75	1500
<b>Samtals</b>	<b>55</b>	<b>216</b>	<b>637</b>	<b>554</b>	<b>53</b>	<b>301</b>	<b>10180</b>	<b>834</b>	<b>12830</b>
<b>Meðaltal á jörð</b>	<b>55</b>	<b>54</b>	<b>71</b>	<b>92</b>	<b>27</b>	<b>60</b>	<b>848</b>	<b>76</b>	<b>916</b>

## Pingeyjarsýslur – Samantekt

Alls eru 39 jarðir í Pingeyjarsýslum samningsbundnar Norðurlandsskógaverkefninu með samtals 2030 ha.

### Skógrækt

Gróðursett var á 34 jörðum, 12 fleiri en í fyrra og gengu framkvæmdir nokkuð vel. Fjöldi gróðursettra plantna jókst mikið miðað við árið á undan eða úr 220 000 plöntum í tæplega 330 000. Jarðvinnsla jókst einnig talsvert en unnir voru um 60 ha. Mest var unnið með skógarstjórnnunni. Einnig voru lögð skjólbelti á skógræktarsvæðum til undirbúnings frekari skógrækt, samtals tæplega 6 km.

Kortlagðar voru 5 jarðir í sumar munu framkvæmdir hefjast þar á næsta ári.

### Suður-Pingeyjarsýsla

#### Vorgróðursetning

Jörð	Annað	Birki	Fura	Greni	Lerki	Reynir	Víðir	Ösp	Samtals
Ártún		840		1352	440			700	3332
Draflastaðir		2040	1520	6325				280	10165
Engidalur		1880							1880
Fellshlíð		1880	880		2680				5440
Gautlönd		2000					700		2700
Hallgilsstaðir		1000	1000		3000				5000
Hjaltastaðir				2880		35		2870	5785
Hrafnstaðir		320	168	160	800	35			1483
Hróarsstaðir			3560		7080				10640
Jódísarstaðir	70	440		3000				2275	5785
Kárhóll			2520	2160	5520	70		1365	11635
Knútsstaðir		1480			480				1960
Landamót				880	7880	35			8795
Litlaströnd		920			1920	35	175	1155	4205
Meðalheimur		880	2640		5280				8800
Melar/Hjarðarholt					6000				6000
Narfastaðir	35	1040	800	6960		35		3990	12860
Pálmholt			5032	3400	2720				11152
Víðifell					1500				1500
<b>Samtals</b>	<b>105</b>	<b>14720</b>	<b>18120</b>	<b>27117</b>	<b>45300</b>	<b>245</b>	<b>875</b>	<b>12635</b>	<b>119117</b>
<b>Meðaltal á jörð</b>	<b>53</b>	<b>1227</b>	<b>2013</b>	<b>3013</b>	<b>3485</b>	<b>41</b>	<b>438</b>	<b>1805</b>	<b>6269</b>

## Haustgróðursetning


Jörð	Birki	Fura	Greni	Lerki	Reynir	Víðir	Ösp	Samtals
Ártún		240		6000	35			6275
Draflastaðir	1040	2560		4000				7600
Engidalur	3600							3600
Fellshlíð	400			1600	35			2035
Gautlönd	3480					350		3830
Hjaltastaðir	480	200		1600	35			2315
Jódísarstaðir	200						210	410
Kárhóll	2160			14120	35			16315
Landamót	960			2080	35			3075
Litlaströnd	1040			8800				9840
Lundarbrekka 2				1000				1000
Melar/Hjarðarholt	6920	680		5520				13120
Narfastaðir		3040		4040	35			7115
Nes	1000	840		2211				4051
Núpar/Kjölur	1360			720	35			2115
Ófeigsstaðir	2160	840	120	1600			210	4930
Tungunes				5000				5000
Víðivellir				3000				3000
<b>Samtals</b>	<b>24800</b>	<b>8400</b>	<b>120</b>	<b>61291</b>	<b>245</b>	<b>350</b>	<b>420</b>	<b>95626</b>
<b>Meðaltal á jörð</b>	<b>1908</b>	<b>1200</b>	<b>120</b>	<b>4086</b>	<b>35</b>	<b>350</b>	<b>210</b>	<b>5313</b>

## Heildargróðursetning

Jörð	Annað	Birki	Fura	Greni	Lerki	Reynir	Víðir	Ösp	Samtals
Ártún	0	840	240	1352	6440	35		700	9607
Draflastaðir	0	3080	4080	6325	4000			280	17765
Engidalur	0	5480							5480
Fellshlíð	0	2280	880		4280	35			7475
Gautlönd	0	5480					1050		6530
Hallgilsstaðir		1000	1000		3000				5000
Hjaltastaðir	0	480	200	2880	1600	70		2870	8100
Hrafnstaðir		320	168	160	800	35			1483
Hróarsstaðir			3560		7080				10640
Jódísarstaðir	70	640		3000				2485	6195
Kárhóll	0	2160	2520	2160	19640	105		1365	27950
Knútsstaðir	0	1480			480				1960
Landamót	0	960		880	9960	70			11870
Litlaströnd	0	1960			10720	35	175	1155	14045
Lundarbrekka 2	0				1000				1000
Meðalheimur		880	2640		5280				8800
Melar/Hjarðarholt	0	6920	680		11520				19120
Narfastaðir	35	1040	3840	6960	4040	70		3990	19975
Nes	0	1000	840		2211				4051
Núpar/Kjölur	0	1360			720	35			2115

Jörð	Annað	Birki	Fura	Greni	Lerki	Reynir	Víðir	Ösp	Samtals
Ófeigsstaðir	0	2160	840	120	1600			210	4930
Pálmholt			5032	3400	2720				11152
Tungunes	0				5000				5000
Víðifell					1500				1500
Víðivellir	0				3000				3000
<b>Samtals</b>	<b>105</b>	<b>39520</b>	<b>26520</b>	<b>27237</b>	<b>106591</b>	<b>490</b>	<b>1225</b>	<b>13055</b>	<b>214743</b>
<b>Meðaltal á jörð</b>	<b>6</b>	<b>2080</b>	<b>1894</b>	<b>2724</b>	<b>4845</b>	<b>54</b>	<b>613</b>	<b>1632</b>	<b>8590</b>

### Skipting milli tegunda – skógrækt og skjóbelti



### Norður-Pingeyjarsýsla

#### Vorgróðursetning

Jörð	Annað	Birki	Fura	Greni	Lerki	Reynir	Samtals
Brekka		280	1200	560	4480		6520
Garður 1		4640		1760	10000	70	16470
Gilhagi 2		520			1480		2000
Leifsstaðir		960	3120	120	5760	35	9995
Lón 2	192	2620	736		5360	35	8943
Sandfellshagi 2				1200	1800		3000
Snartarstaðir 2	3554	1480		2040	4400	35	11509
Valþjófsstaðir 1	3923	680			4200		8803
Ærlækur		680		1720	2360	35	4795
<b>Samtals</b>	<b>192</b>	<b>11860</b>	<b>5056</b>	<b>7400</b>	<b>39840</b>	<b>210</b>	<b>72035</b>
<b>Meðaltal á jörð</b>	<b>192</b>	<b>1483</b>	<b>1685</b>	<b>1233</b>	<b>4427</b>	<b>42</b>	<b>8004</b>


## Hautgróðursetning

Jörð	Birki	Fura	Lerki	Reynir	Víðir	Samtals
Brekka	3000		3000	35		6035
Garður 1	2360		5200	35		7595
Gilhagi 2	400	800	1600	35		2835
Leifsstaðir	480		840	35		1355
Lón 2	920	840	2240	35		4035
Sandfellshagi 2	320		3320	35	875	4550
Snartarstaðir 2	440		8080	35		8555
Valþjófsstaðir 1			9000	35		9035
Ærlækur			3280	35		3315
<b>Samtals</b>	<b>7920</b>	<b>1640</b>	<b>36560</b>	<b>315</b>	<b>875</b>	<b>47310</b>
<b>Meðaltal á jörð</b>	<b>1131</b>	<b>820</b>	<b>4062</b>	<b>35</b>	<b>875</b>	<b>5257</b>

## Heildargróðursetning

Jörð	Annað	Birki	Fura	Greni	Lerki	Reynir	Víðir	Samtals
Brekka	0	3280	1200	560	7480	35		12555
Garður 1	0	7000		1760	15200	105		24065
Gilhagi 2	0	920	800		3080	35		4835
Leifsstaðir	0	1440	3120	120	6600	70		11350
Lón 2	192	3540	1576		7800	70		13178
Sandfellshagi 2	0	320		1200	5120	35	875	7550
Snartarstaðir 2	0	1920		2040	12480	70	3554	16510
Valþjófsstaðir 1	0	680			13200	35	3899	13915
Ærlækur	0	680		1720	5640	70		8110
<b>Samtals</b>	<b>192</b>	<b>19780</b>	<b>6696</b>	<b>7400</b>	<b>76600</b>	<b>525</b>	<b>875</b>	<b>112068</b>
<b>Meðaltal á jörð</b>	<b>21</b>	<b>2198</b>	<b>1674</b>	<b>1233</b>	<b>8511</b>	<b>58</b>	<b>875</b>	<b>12452</b>

## Skipting milli tegunda – skógrækt og skjólbelti



## Skjólbeltarækt

Nokkur aukning varð á fjölda gróðursettra plantna í skjólbeltarækt í N-Þing, en dróst saman í S-Þing.

Á þessu ári voru ræktuð skjólbelti á 21 jörð, 3 færri enn á fyrra ári.

Kortlagðar voru 3 jarðir í Þingeyjarsýslum mtt. skjólbeltaræktunar.

### Suður-Þingeyjarsýsla – skjólbelti

Jörð	Annað	Ber	Birki	Greni	Reynir	Víðir	Ösp	Samtals
Ártún				123		710	123	956
Björg				10	18	46	4	78
Hallgilsstaðir		60		75	30	660	70	895
Hjalli	41				40	352	55	488
Hjaltastaðir						482	80	562
Hléskógar						300	100	400
Laufás						767	33	800
Laxamýri 2		19		40	19	360	40	478
Litlu-Reykir	10		51	51		696	99	907
Narfastaðir	112			99		907	173	1291
Rauðaskriða 1	101			168	114	2272	114	2769
Reykir 2						775	340	1115
Straumnes	36			75	36	648	99	894
<b>Samtals</b>	<b>300</b>	<b>79</b>	<b>51</b>	<b>641</b>	<b>257</b>	<b>8975</b>	<b>1330</b>	<b>11633</b>
<b>Meðaltal á jörð</b>	<b>60</b>	<b>40</b>	<b>51</b>	<b>80</b>	<b>43</b>	<b>690</b>	<b>102</b>	<b>895</b>

### Norður-Þingeyjarsýsla – skjólbelti

Jörð	Ber	Birki	Greni	Lerki	Reynir	Víðir	Ösp	Samtals
Árdalur		74		20	31	515		640
Garður		70				25	33	128
Klifshagi 2	16		32		16	292	32	388
Lón 2		16	32			276		324
Sandfellshagi 2						298		298
Þverá		90		16		856		962
<b>Samtals</b>	<b>16</b>	<b>250</b>	<b>64</b>	<b>36</b>	<b>47</b>	<b>2262</b>	<b>65</b>	<b>2740</b>



## Fundargerðir Stjórnar Norðurlandsskóga

### 19. stjórnarfundur Norðurlandsskóga haldinn í Rúgbrauðsgerðinni 14. febrúar 2003

Mætt: Stefán Guðmundsson, Sigurður Skúlason, Þorvaldur Böðvarsson, Davíð Guðmundsson og Valgerður Jónsdóttir

#### Dagskrá

1. Verkefnastaðan og starfið framundan
2. Ársreikningur
3. Fræðslumál
4. Erindi Rannsóknarstöðvarinnar á Mógilsá
5. Önnur mál

#### Verkefnastaðan og starfið framundan

Valgerður skýrði frá verkefnastöðunni. Unnið er að áætlanagerð fyrir þær jarðir sem teknar voru inn í verkefnið á síðasta fundi. Einnig er unnið að endurskoðun taxta fyrir verkþætti og reglum vegna úttektar á gróðursetningum.

Nokkrar umræður urðu um þessi mál.

#### Ársreikningur

Framkvæmdarstjóri kynnti bráðabirgðar niðurstöður ársreiknings, samkvæmt honum lítur út fyrir að halli ársins sé innan við eina milljón króna. Stjórnarmenn voru sammála um að þetta væri mjög ásættanleg niðurstaða miðað við hversu lág fjárveiting síðasta árs var. Valgerður greindi frá því að öllum framkvæmdum sem mögulegt var að fresta hefði verið frestað á síðasta ári. Þetta kæmi illa niður á verkefninu og ljóst að átak yrði að gera á þessu ári í þeim verkþáttum sem frestað var.

#### Fræðslumál

Grænni skóga námskeiðaröðin gengur mjög vel, tvö námskeið verða nú í vor og stefnt er að því að flýta utanlandsförinni um eitt ár og sameinast sunnlendingum þannig að kostnaður náist niður.

Stefnt er að þremur grunnnámskeiðum í vor í samvinnu við Garðyrkjuskólann og Skógrækt ríkisins.

#### Erindi Rannsóknarstöðvarinnar á Mógilsá

Erindi hefur borist frá Bjarna Diðrik Sigurðssyni f.h. Rannsóknarstöðvarinnar á Mógilsá. Í erindinu er farið fram á 600.000 kr. fjárstuðning vegna kaupa á tæki til mælingar á kolefnisbindingu skóglenda. Fram kemur í erindinu að slíkar beinar mælingar eru afar mikilvægar fyrir skógækt á Íslandi, þar sem fullljóst er að kolefnisbinding með skógrækt verður ein af máttarstöðum búgreinarinnar í nánustu framtíð.

Framkvæmdarstjóri lagði til að afgreiðslu erindisins yrði frestað fram að næsta stjórnarfundu þar sem erindið barst aðeins tveimur dögum fyrir fund og stjórnarmönnum hefur ekki gefist tími til að kynna sér málið.

Nokkrar umræður urðu um málið og voru stjórnarmenn almennt jákvæðir gagnvart erindinu en samþykkt var að fresta afgreiðslu þess til næsta fundar.

#### Önnur mál

Almennar umræður urðu um verkefnið og stefnumörkun til framtíðar.

Fleira ekki gert, fundi slitið      fundargerð ritaði Valgerður Jónsdóttir

**20. Stjórnarfundur Norðurlandsskóga haldinn á Búgarði 9. apríl 2003 kl. 11**  
Mætt: Stefán Guðmundsson, Sigurður Skúlason, Þorvaldur Böðvarsson, Davíð Guðmundsson og Valgerður Jónsdóttir

Dagskrá

6. Starfið og staðan framundan
7. Intaka nýrra jarða
8. Innsend erindi
9. Grænni skógar
10. Grisjunaráttak
11. Önnur mál  
Kaup á tölvuforriti

**1. Starfið og staðan framundan**

Stefán formaður sett fundinn og bauð fólk velkomið. Hann greindi frá þingsályktunartillögu um skógrækt sem samþykkt var á lokadegi alþingis. Samkvæmt henni er fjármagn til landshlutaverkefnanna tryggt fram til ársins 2009. Nokkrar umræður urðu um málið og stjórnarmenn sammála um mikilvægi þess að fjármögnun verkefnisins sé ljós fram í tímann, þó framlög til verkefnisins séu talsvert lægri samkvæmt þingsályktunartillögunni en gert var ráð fyrir samkvæmt þeim áætlunum sem gerðar voru í upphafi. Fram kom í máli stjórnarmanna að það væri alger forsenda árangursríks starfs að hafa langtímaáætlun hvað varðar fjárveitingar.

Stjórnin samþykkti eftirfarandi ályktun:

*Stjórn Norðurlandsskóga fagnar samþykkt þingsályktunartillögu um fjárframlög til landshlutabundinna skógræktarverkefna, árin 2004-2009.*

*Forsenda árangursríkrar skógræktar er vönduð áætlanagerð og skipulagning framkvæmda fram í tímann.*

*Stjórn Norðurlandsskóga hefur útrekað bent á nauðsyn þess að tryggja svo sem kostur er, að skógræktarverkefni þú við fjárhagslegt öryggi til lengri tíma litið. Skógrækt er arðsamt langtímaverkefni, sem styrkir byggðir landsins og skapar um leið dýrmæta náttúruauðlind. Samþykkt þingsályktunartillögunnar er afar mikilvægt skref í uppbyggingu landshlutabundnu skógræktarverkefnanna og lýsir stjórn Norðurlandsskóga ánægju sinni með samþykkt hennar.*

**2. Inntaka nýrra jarða**

Stjórnin samþykkir að eftirfarandi 13 jarðir verði teknar inn í verkefnið og þær kortlagðar í sumar.

S-Ásgeirsá	Víðidal	V-Hún
Hjalli	Reykjadal	S-Þing
Holtakot	Þingeyjarsveit	S-Þing
Hólar	Hörgárbyggð	Eyjafjörður
Hrísgerði	Fnjóskadal	S-Þing
Kaupangur	Eyjafjarðarsveit	Eyjafjörður
Lindarbrekka	Kelduhverfi	N-Þing
Lón	Viðvíkursveit	Skagafirði
Torfunes	Þingeyjarsveit	S-Þing
Viðvík	Hjaltadal	Skagafjörður

Öndólfstaðir	Reykjadal	S-Þing
Ytra-Bjarg	Miðfirði	V-Hún
Hvammur	Vatnsdal	A-Hún

### 3. Innsend erindi

#### Erindi Rannsóknarstöðvarinnar á Mógilsá:

Erindið sem var lagt fram til kynningar á síðasta stjórnarfundinum er umsókn frá Bjarna Diðrik Sigurðssyni f.h. Rannsóknarstöðvarinnar á Mógilsá. Í erindinu er farið fram á 600.000 kr. fjárstuðning vegna kaupa á tæki til mælingar á kolefnisbindingu skóglenda. Fram kemur í erindinu að slíkar beinar mælingar eru afar mikilvægar fyrir skógækt á Íslandi, þar sem fullljóst er að kolefnisbinding með skógrækt verður ein af máttarstöðum búgreinarinnar í nánustu framtíð. Stjórnin samþykkir að verða við umsókninni enda um mikilvægt hagsmunamál verkefnisins að ræða. Framkvæmdastjóra falið að svara erindinu.

### 4. Grænni skógar

Premur námskeiðum er lokið í röðinni “Grænni skógar” í haust er fyrirhuguð námsferð til Svíþjóðar. Stjórn Norðurlandsskóga samþykkir að styrkja þátttakendur í verkefninu um 15.000 kr til fararinnar. Einnig mun verkefnið senda fararstjóra með í ferðina.

### 5. Grisjunaráttak

Framkvæmdastjóri greindi frá því að þörf er orðin á grisjun í nokkrum skógarreitum sem eru á vegum NLS. Einnig þarf að huga að því að þjálfa upp grisjunarmenn. Rætt var almennt um þessi mál, fram kom hjá Sigurði að vilji er frá hendi S.R. að koma af stað samstarfi með Nls um grisjunarmál. Valgerði og Sigurði falið að koma með tillögur að grisjunaráttaki á næsta fund.

### 12. Önnur mál

Ljóst er að endurnýja þarf tölvuforrit sem notað hefur verið við áætlunargerð. Stjórnin samþykkir kaup á Arc view landupplýsingakerfi til áætlunargerðar.

Fleira ekki gert, fundi slitið.

Fundargerð ritaði Valgerður Jónsdóttir

**21. Stjórnarfundur Norðurlandsskóga haldinn á Búgarði 6. júní 2003 kl. 11**  
Mætt: Stefán Guðmundsson, Sigurður Skúlason, Þorvaldur Böðvarsson, Davíð Guðmundsson og Valgerður Jónsdóttir

Dagskrá

13. Starfið og staðan framundan
14. Starfsmannamál
15. Önnur mál

**1. Starfið og staðan framundan**

Valgerður greindi frá stöðu mála. Gróðursetning er komin vel á veg og gengur vel. Meira verður um haustgróðursetningu í ár en til stóð þar sem talsverður hluti plantna sem átti að afhenda í vor eru ekki nógu stórar.

Talsvert hefur verið um fyrirspurnir og umsóknir í verkefnið að undanfögnu og hafa 11 formlegar umsóknir borist frá áramótum. Framkvæmdastjóri vinnur í því að uppfæra umsóknalistann og flokka umsóknir í forgangsröðunarhópa.

**2. Starfsmannamál**

Stefán greindi frá því að borist hefur uppsagnarbréf frá Sigrúnu Sigurjónsdóttir sem hefur verið í ársleyfi sem framkvæmdastjóri.

Valgerður vék af fundi á meðan stjórn ræddi starfsmannamál.

Samþykkt að auglýsa stöðu framkvæmdastjóra á næstu dögum. Stjórnarformanni falið að sjá um málið.

**3. Önnur mál**

Góð þátttaka er í ferð til Svíþjóðar sem farin verður á vegum Grænni skóga um miðjan ágúst. Um 50 manna hópur skógræktarfólks frá Norðurlandsskógum og Suðurlandsskógum hefur skráð sig í ferðina. Unnið er að skipulagi ferðarinnar í samvinnu við Suðurlandsskóga og Garðyrkjuskóla ríkisins. Valgerður verður fararstjóri ásamt Birni Jónssyni framkvæmdarstjóra Suðurlandsskóga

Davíð greindi frá fundi sem LSE hélt til undirbúnings aðalfundar sem verður á suðurlandi í byrjun september.

Fleira ekki gert, fundi slitið.

Fundargerð ritaði Valgerður Jónsdóttir

## **1. júlí 2003 kom stjórn Norðurlandsskóga saman að Hótel Varmahlíð.**

Dagskrá fundar var opnun á umsóknum um starf framkvæmdastjóra Norðurlandsskóga sem auglýst var 15. júlí síðastliðinn.

Borist hafa þrjár umsóknir og eru þær frá eftirtöldum aðilum:

1. Gísli Þór Gunnarsson
2. Kr. Rúnar Hartmannsson, Brúnöldu 8, 850 Hella
3. Valgerður Jónsdóttir

Umræður urðu um umsóknirnar og ákveðið að ganga frá ráðningu á fundi stjórnarinnar á Húsavík 3. júlí næstkomandi.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið

Þorvaldur Böðvarsson (sign.)

Sigurður Skúlason (sign.)

Davíð Guðmundsson (sign.)

Stefán Guðmundsson (sign.)

### **23. Stjórnarfundur Norðurlandsskóga haldinn á Húsavík 3. júlí 2003 kl. 11:30**

Mætt: Stefán Guðmundsson, Sigurður Skúlason, Þorvaldur Böðvarsson, Davíð Guðmundsson, Valgerður Jónsdóttir og Guðríður Baldvinsdóttir sem ritaði fundargerð. (Þorvaldur Böðvarsson ritaði fundargerð undir 1. lið)

Stefán formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Valgerður og Guðríður véku af fundi við afgreiðslu fyrsta dagskrárliðar.

Dagskrá:

#### **1. Ráðning framkvæmdastjóra**

Formaður Stefán Guðmundsson upplýsti að borist hafi ein umsókn til viðbótar við þær sem komu fram á síðasta fundi stjórnarinnar í Varmahlíð, 1. júlí síðastliðinn.

Sú umsókn er frá Lárusi Heiðarssyni, Fjósakambi 12, 701 Egilsstöðum. Stjórnin ræddi þær umsóknir sem borist hafa og er sameiginleg niðurstaða stjórnar að ráða Valgerði Jónsdóttur sem framkvæmdastjóra frá og með 1. september 2003.

Formanni falið að ganga frá ráðningarsamningi við Valgerði.

#### **2. Grisjunaráttak**

Valgerður kynnti tillögur sem hún hefur unnið ásamt Sigurði varðandi framkvæmd grisjunaráttaks. Samþykkt að auglýsa eftir skógarreitum til grisjunar. Johan Holst starfsmaður Norðurlandsskóga, mun hafa yfirumsjón með grisjunarvinnunni og þjálfun manna enda vanur grisjunarmaður, honum til aðstoðar verður Teitur Davíðsson starfsmaður S.R. á Vöglum. Samþykkt að taka 2-3 vikur í október í grisjunarvinnu. Nokkrir aðilar hafa þegar lýst áhuga á að taka þátt í verkefninu.

#### **3. Dreifingarstöðvar**

Valgerður skýrði frá því að nauðsynlegt væri að koma upp dreifingarstöðvum fyrir plöntur fyrir næsta vor. Ljóst er að kostnaður við þetta verður nokkur þar sem koma þarf upp aðstöðu og greiða umsýgnarmönnum fyrir umhirðu og afgreiðslu plantna.

Þetta er hins vegar nauðsynlegt þar sem ótækt er að menn fái mikið magn af plöntum í einu heim á hlað þar sem ekki er aðstaða til að vökva plönturnar og gefa þeim áburð.

Samþykkt að fela framkvæmdastjóra að undirbúa dreifingarstöðvar með sem hagkvæmustum hætti í haust þannig að þær verði tilbúnar til notkunar næsta vor.

#### 4. Önnur mál

Ráðning svæðisstjóra: Rætt um þörf á ráðningu svæðisstjóra í Eyjafirði, sem einnig gæti virkað sem staðgengill framkvæmdastjóra. Framkvæmdastjóra falið að auglýsa stöðuna.

Írlandsferð Skógræktarfélags Íslands: Starfsmenn hafa hver fyrir sig fengið vilyrði fyrir styrk frá starfsmenntunarsjóði FÍN að upphæð 70.000kr. Framkvæmdastjóri óskaði eftir heimild að Norðurlandsskógar greiði mismun á kostnaði við skógræktarferð til Írlands sem er 35.000 kr á starfsmann. Samþykkt af stjórn.

Samráðsfundur með stjórnnum Landshlutaverkefnanna: Rætt um nauðsyn á samráðsfundi með stjórnnum hinna landshlutaverkefnanna, þar sem á dagskrá yrði framtíð verkefnanna, m.a. fjármál og forgangsröðun umsókna. Framkvæmdastjóra falið að hafa frumkvæði að því að boða til slíks fundar.

Taxtar fyrir framkvæmdir 2003: Valgerður lagði fram tillögur að töxtum fyrir framkvæmdir ársins, þeir samþykktir.

Gróðursetning FP24/FP35	10,60
Gróðursetning FP40	9,00
Gróðursetning FP67	7,50
Áburðargjöf á nýgróðursetningar	3,00
Áburðargjöf á eldri gróðursetningar	4,50
Plöntuflutningar	0,80
Handflekking	5,50

Fleira ekki bókað, fundi slitið.

## 24. Stjórnarfundur Norðurlandsskóga, haldin að Vöglum 29. ágúst. Kl. 17

Mætt: Stefán Guðmundsson, Sigurður Skúlason, Þorvaldur Böðvarsson, Davíð Guðmundsson og Valgerður Jónsdóttir  
Dagskrá

1. Ráðning svæðisstjóra
2. Staðan og starfið framundan
3. Vinnureglur við úttekt gróðursetninga
4. Önnur mál

### 1. Ráðning svæðisstjóra

Borist höfðu fjórar umsóknir frá eftirtöldum aðilum:

*Brynjólfur Sveinsson, Bögvisbraut 17, Dalvík*

*Heiðdís Björk Gunnarsdóttir, Stakkhamrar 15, 112 Reykjavík*

*Sóley Jónasdóttir, Tjarnarlundi 5 d, 600 Akureyri*

*Brynjar Skúlason, Hólsgerði, 601 Akureyri*

Stjórn samþykkti einróma að ráða í starfið Brynjar Skúlason skógfræðing.  
Framkvæmdarstjóra falið að ganga frá ráðningasamning við Brynjar.

### 2. Staðan og starfið framundan

Framkvæmdastjóri greindi frá verkefnastöðunni og gangi mála í sumar.

Vel hefur gengið að gróðursetja og aðrar framkvæmdir hafa verið samkvæmt áætlun.

Talsvert vantar upp á að Gróðrarstöðin í Kjarna geti afhent þær plöntur sem samið hafði verið um skv. útbóði. Ljóst er að af þessum sökum verður ekki gróðursett það magn sem í upphafi var áætlað í ár. Almenn er plöntuskortur í landinu þannig að ekki er hægt að fá keyptar plöntur annars staðar.

### 3. Vinnureglur við úttekt gróðursetninga

Framkvæmdastjóri skýrði frá úttektarreglum sem starfsmenn Norðurlandsskóga hafa verið að prufu keyra í sumar. Þetta eru vinnureglur sem ætlað er að samræma úttekt starfsmanna á öllum verkþáttum skógarbænda. Allar gróðursetningar eru teknar út og skráðar í gagnagrunn. Í vetur verða reglurnar fínslípaðar eftir reynslu sumarsins.

Einnig hafa starfsmenn Norðurlandsskóga rætt um nauðsyn þess að hafa skýrar reglur um úttektir á þeim jörðum sem tengjast starfsmönnum verkefnisins beint eða óbeint. Stjórn sammála um nauðsyn þess að óháður aðili taki út gróðursetningar á þeim jörðum sem þannig háttar til. Framkvæmdastjóra og Sigurði falið að móta slíkar reglur fyrir næsta fund.

### 4. Önnur mál

Rætt almenn um verkefnið og horfur til framtíðar. Of margar jarðir eru enn á biðlista og ekki nægilegt fjármagn áætlað til verkefnisins á næstu árum til að hægt verið að útrýma þeim lista.

Stjórn Skógræktarfélags Eyfirðinga hefur óskað eftir fundi með stjórn Norðurlandsskóga. Stefnt að þeim fundi í lok september.

Fleira ekki gert, fundi slitið.

Fundargerð ritaði Valgerður Jónsdóttir

## 25. stjórnarfundur Norðurlandsskóga haldin að Búgarði þann 16. október 2003 kl. 11

### Dagskrá

1. Heimsókn í Gróðrarstöðina í Kjarna
2. Fjármálin
3. Samningar um plöntukaup
4. Vinnureglur við úttekt gróðursetninga
5. Inntaka nýrra jarða
6. Önnur mál

### Heimsókn í Gróðrarstöðina í Kjarna

Stjórnin átti fund með framkvæmdastjórn Skógræktarfélags Eyfirðinga. Rætt var m.a. um ræktunarsamning á plöntum og þá staðreynd að Skógræktarfélagið hefur ekki staðið við nema hluta samningsins á þessu ári þar sem ekki tókst að afhenda allar þær plöntur sem um var samið.

Forsvarsmenn Skógræktarfélagsins skýrðu stöðu mála og hörmuðu að ekki hefði tekist að efna samninginn. Einnig var tilkynnt að Skógræktarfélagið óskaði ekki eftir framlengingu á ræktunarsamningi við Norðurlandsskóga á grundvelli þess samnings sem í gildi er.

Nokkrar umræður fóru fram um plöntuuppeldismál og að lokum var gróðrarstöðin skoðuð og þær plöntur sem afhendast eiga verkefninu á næsta ári.

### Fjármálin

Fundurinn hélt áfram á Búgarði að loknu hádegishléi.

Samkvæmt þingsályktunartillögu sem samþykkt var á lokadögum þingsing í vor átti fjárveiting til NLS að vera 98 milj. + vísitöluhækkun á árinu 2004 (u.þ.b 100 milj.)

Samkvæmt fjárlagafrumvarpi er gert ráð fyrir 96,6 milj. Til NLS þ.e. um 3,4 milj. vantar upp á gefnin loforð skv. þingsályktunartillögunni.

Stjórn Norðurlandsskóga harmar að ekki hafi verið staðið við ný samþykktu þingsályktunartillögu og skorar á stjórnvöld að standa við gefin loforð varðandi fjárveitingu til verkefnisins.

### Samningar um plöntukaup

Ákveðið að bjóða út þann hluta plöntuframleiðslunnar sem samningar voru um við Skógræktarfélag Eyfirðinga. Samþykkt að framlengja núgildandi ræktunarsamning við Barra h.f.

### Vinnureglur við úttekt gróðursetninga

Framkvæmdastjóri lagði til að fengnir yrðu óháðir aðilar til að taka út framkvæmdir á jörðum sem tengjast starfsmönnum verkefnisins.

Samþykkt var eftirfarandi:

*Stjórn samþykkir að fengnir verði aðilar frá Skógrækt ríkisins til að taka út framkvæmdir á þeim jörðum sem starfsmenn Norðurlandsskóga tengjast. Um er að ræða jarðirnar Espihól, Lón II, Silfrastaði og Hólsgerði.*

*Úttekt á öllum framkvæmdum skal fara fram árlega af aðila sem tilnefndur er af fagmálastjóra skógræktar ríkisins og skal skýrslu um úttektirnar skilað til stjórnar NLS.*



**Inntaka nýrra jarða**

Framkvæmdastjóri lagði fram lista með þeim jörðum sem teknar hafa verið inn í verkefnið af stjórn. (sjá fylgiskjal 1 með fundargerð)

Ákveðið var að fresta inntöku nýrra jarða.

Valgerður lagði einnig fyrir reglur varðandi vinnuferli við inntöku jarða og framkvæmdir. (sjá fylgiskjal nr.2) Samþykkt af stjórn.

**Önnur mál**

Ákveðið að senda stjórn Skógræktarfélags Eyfirðinga formlegt bréf í framhaldi af heimsókn og umræðum við framkvæmdarstjón félagsins.

Lagt fram bréf frá Landssamtökum skógareigenda þar sem kynntar eru ályktanir sem samþykktar voru á aðalfundi samtakanna sem haldinn var á Suðurlandi 5.-6. september.

Fleira ekki gert

Fundargerð ritaði Valgerður Jónsdóttir

## 26. Stjórnarfundur Norðurlandsskóga haldin að Búgarði 10. des. 2003

Mætt: Stefán Guðmundsson, Sigurður Skúlason, Þorvaldur Böðvarsson, Guðmundur Helgi Gunnarsson (varamaður Davíðs Guðmundssonar) og Valgerður Jónsdóttir framkvæmdastjóri.

### 1. Staðan og starfið framundan

Valgerður greindi frá verkefnastöðunni. Rætt um vinnureglur vegna framkvæmda ofl. Johan hefur grisjað með bændum í Skagafirði og Húnavatnssýslum í haust. Tveir skógarbændur eru að grisja þessa dagana.

9 nýjir skógræktarsamningar verða gerðir nú fyrir áramót.

### 2. Fjárhagsáætlun 2004

Frjárhagsáætlun kynnt og rædd. Stjórn samþykkir framlagða fjárhagsáætlun.

### 3. Útboð á plöntum

Framkvæmdastjóri kynnti niðurstöðu útboðs í plöntuframleiðslu. Tveir aðilar buðu í alla framleiðsluna alls bærust tilboð frá 8 aðilum.

Framkvæmdastjóra falið að fara yfir útboðin og gera tillögu að samningum fyrir næsta stjórnarfund. Samkvæmt útboðsreglum gilda útboðin 5 vikur eftir opnun.

### 4. Innsend erindi

- Erindi frá Ólöfu Sigurbjartsdóttur þar sem hún leitar eftir fjárstyrk vegna Bs ritgerðar sinnar frá Bifröst. Ritgerðin fjallar um arðsemi skógræktar. Stjórn samþykkir að veita Ólöfu 300.000 kr. styrk.
- Erindi frá Garðyrkjuskólanum á Reykjum vegna verkefnis Önnu Maríu Pálsdóttur við sænska landbúnaðarháskólans. Verkefnið fjallar um rótarþroska skógarplantna. Farið er fram á 55.000 kr. styrk. Stjórn samþykkir styrkveitinguna.
- Erindi frá Steinunni Önnu Halldórsdóttur. Beiðni um styrk vegna beitarþolsrannsókna í tengslum við B.S. verkefni frá Hvanneyri. Stjórn samþykkir 55.000 kr. styrk.

### 5. Önnur mál

Ýmis mál rædd varðandi framtíð verkefnisins

Fleira ekki gert, fundi slitið

Fundargerð ritaði Valgerður Jónsdóttir